# Íbúaþing um málefni eldri bæjarbúa.

Fjölskyldunefnd Seltjarnarness boðaði til þingsins laugardaginn 28. mars 2015 en á fundi Bæjarstjórnar Seltjarnarness þann 15.12.14  var samþykkt tillaga um að að standa að íbúaþingi um málefni eldra fólks á Seltjarnarnesi ekki síðar en í lok febrúar 2015. Á þinginu yrði m.a. leitað eftir tillögum og hugmyndum um hlutverk og þjónustu bæjarins við þennan aldurshóp og sett á laggirnar sérstakt ,,öldungaráð" sem verði ráðgefandi vettvangur gagnvart bæjarstjórn um málefni eldri borgara.

Á þinginu var leitað eftir tillögum um hlutverk og þjónustu bæjarins við eldri bæjarbúa og ræddar hugmyndir um stofnun sérstaks öldungaráðs.

Bæjarbúar voru hvattir til þátttöku í þinginu og var kynningu um það dreift á öll heimili á Seltjarnarnesi. Í kynningu kom fram að niðurstöður umræðna verði bæjaryfirvöldum leiðarljós í þróun þjónustu við eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi. Þingið var haldið í Félagsheimili Seltjarnarness og stóð frá kl. 11:00 til kl. 14:00. Boðið var upp á veitingar í hádeginu.

Um eitt hundrað manns mættu á þingið og var skipað í níu umræðuhópa. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson stýrði íbúaþinginu. Auk hans voru borðstjórar á hverju borði sem stýrðu umræðum. Höfðu þeir hlotið þjálfun fyrir þingið. Við hvert borð var einnig valinn ritari sem ritaði allt það helsta sem fólk var sammála um að leggja áherslu á. Voru þau þrjú atriði sem hver hópur taldi rétt að leggja mesta áherslu á tekin saman eftir að hver hópur hafði rætt allar hugmyndir sem fram komu við borðið og þrengt umræðuna þar til þrjú atriði stóðu upp úr og hópurinn varð sammála um að leggja til sem þrjú meginatriði. Kynntu fulltrúar hvers borðs þessar þrjár aðalniðurstöður í lok fundarins. Auk þessara aðalatriða rituðu allir þátttakendur öll þau atriði sem þeir töldu mikilvæg og vildu ræða á gula miða. Þessir miðar voru varðveittir og efni þeirra var skráð og flokkað. Þessir miðar voru alls 249 og voru flokkaðir í tuttugu efnisflokka.

**Niðurstöður umræðuhópanna.**

Helstu niðurstöður umræðuhópanna voru eftirfarandi og er raðað hér í röð eftir hve oft þær voru nefndar í hópunum:

Stofna öldungaráð - sérstök starfsnefnd/ráðgjafarnefnd. Auka áhrif aldraðra.

Bæta aðstöðu til iðkunar tómstunda- og félagsstarfs og bjóða upp á meiri fjölbreytni. Koma öllu félagsstarfi á einn stað.

Húsnæðismál. Fjölbreytni húsnæðis þarf að vera meiri og sniðin að þörfum eldra fólks.

Bæta aðstöðu til útveru og líkamsræktar. Veita tómstundastyrki.

Efla heimaþjónustu, auka menntun starfsfólks og gera hana fjölbreyttari. Koma á heimsóknarhópi.

Tengja kynslóðir og nýta þekkingu eldra fólks í þágu þess yngra.

Halda oftar íbúaþing og fá fólk til þátttöku í ákvörðunum.

Marka stefnu í málefnum eldra fólks.

Bætta heilsugæslu, heimsóknarþjónusta heimilislækna.

Hraðahindranir á hjólastíga vegna þeirra sem eru fótgangandi.

Veita garðaþjónustu.

Bæjarfélagið verði þrýstiafl á stjórnvöld um að standa vörð um réttindi og þjónustu við aldraða.

**Ábendingar frá þátttakendum.**

Allar ábendingar sem skráðar voru á gula miða á þinginu voru flokkaðar í tuttugu flokka sem voru og fara hér á eftir, eftir fjölda miða í hverjum flokk:

**Almenn atriði (38)**

**Fleiri verslanir, kaffihús og banka vantar.**

**Láta eldra fólk finna tilgang í tilverunni.**

**stuðla að samstöðu eldra fólks**

**Stuðla að opnu og lýðræðislegu samfélagi með þátttöku eldra fólks.**

Skipulagsmál, fuglaskoðunarhús, ljósmyndabyrgi, minjavernd.

Hreyfing – líkamsrækt (35)

Niðurgreiðsla/afsláttur í World class - íþrótta- og tómstundastyrki fyrir aldraða.

Vatnsleikfimi áfram ókeypis og finna betri tíma fyrir hana.

Drífa fólk út að ganga. Hafa gönguhóp.

Nýta betur útivistarsvæðin.

Forgangur á golfvöllinn

Fá leikfimi sérstaklega ætlaða öldruðum og betri aðgang að íþróttahúsi/sundlaug

Útbúa 18 holu minigolfvöll

Danskennsla, danskvöld

Stjórnsýslan (33)

Aukin áhrif eldra fólks með að gæta að aldursamsetningu við kjör í nefndir og ráð

Greiða leiðbeinendum í félagsstarfi betri laun og hlúa frekar að þessum starfsmönnum.

Hjálpa fólki við að annast garða og viðhald utanhúss.

Bjóða út matarþjónustu á vegum bæjarins og bjóða fólki val um hvar það kaupir niðurgreiddan mat.

Í boði sé heimsóknarþjónusta - vinaþjónusta

Hafa samstarf við Rvík um málefni eldra fólks.

Stefnumörkun, samráð og ákvarðanataka sé skýr og vandað til.

Fólki gert kleyft að búa sem lengst heima með stuðningi.

Hækka útsvarið til að unnt sé að gera meira f. eldra fólk

**Tómstundir (31)**

**Fleiri og fjölbreyttari námskeið og afþreyingu. Bútasaum, tölvunám, matjurtagarðar, myndlist, dansiðkun, grendargarðar, fleiri billjardborð.**

**Félög sem fá styrk frá bænum verði skyldug til þess að veita eldra fólki afslátt og aðgengi að starfsemi sinni**

**Efla huglægar tómstundir og þekkingu.**

**Veita afslátt á menningarviðburði.**

**Bjóða öldruðum tómstundastyrki.**

**Þjónustumiðstöð / aðstaða (22)**

**Þjónustumiðstöð á einum stað með góðu aðgengi og fjölbreyttri aðstöðu fyrir félags- og tómstundastarf.**

**Bjóða upp á fjölbreytt húsnæði**

**Byggja þjónustumiðstöð með Reykjavík**

**Bæta aðstöðu fyrir núverandi starfsemi.**

**Starfrækja félagsmiðstöð og tómstundamiðstöð í tengslum við íbúðir aldraðra og hjúkrunarheimili.**

**Félagsaðstaða á Skólabraut verði óbreytt til þæginda fyrir íbúa hússins.**

**Húsnæðismál / búsetumál aldraðra (18)**

**Byggja íbúðir fyrir eldri bæjarbúa sem henta þeim.**

**Fjölga þjónustuíbúðum í kjölfar könnunar á þörf fyrir þær.**

**Fleiri búsetuúrræði fyrir unga sem aldna, blönduð byggð eldri og yngri**

**Byggja lítil raðhús á viðráðanlegu verði**

Litlar leiguíbúðir í boði

Bjóða íbúðir sem yrðu millistig milli venjulegra íbúða og hjúkrunarheimilis.

Öldungaráð - félag eldri borgara, talsmaður umboðsmaður (15)

Stofna öldungaráð

Stofna öldungaráð með framkvæmdastjórn sem sveitarstjórn leggur til ritara.

Umboðsmaður aldraðra, talsmaður aldraðra

Stofna félag eldri borgara á Seltjarnarnesi

Heimaþjónusta (12)

Góð þjónusta en þróa hana áfram.

Alhliða þjónusta verði í boði

Einstaklingsmiðuð þjónusta verði í boði

Þjónusta í boði gegn greiðslu, óháð mati á þörf.

Boðið upp á þjónustu með garð

Tenging og samskipti kynslóða (11)

Auka tengsl milli kynslóða með ýmsum hætti

Eldra fólk aðstoði börn og unglinga, t.d. með heimanám

Fólk taki þátt í öllu starfi barna og unglinga.

Hjúkrunarheimili (9)

Byggja hjúkrunarheimili

**Fara í viðræður við lífeyrissjóði um fjármögnun byggingar hjúkrunarheimilis.**

**Byggja ekki hjúkrunarheimili**

**Umferðarmál (6)**

**Fjölga hringtorgum**

**Umferðaröryggi**

**Stækka smábátahöfn**

**Fjölga bílastæðum við Skólabraut**

**Fasteignagjöld / skattar (6)**

**Aukin afsláttur af fasteignagjöldum**

**Eldra fólk greiði engin fasteignagjöld**

**Ferlimál/aðgengi (4)**

**Bæta aðgengi fyrir fatlaða um bæinn, úti og inni**

**Betra aðgengi að handavinnustofu í Valhúsaskóla kjallara**

**Dagvist aldraðra (4)**

**Skoða rekstur dagvistarinnar og athuga með nánara samstarf við heimaþjónustu**

**Heilsugæsla (2)**

**Heilsugæsan bjóði upp á fjölbreyttari þjónustu**

**Auðvelt að nálgast þjónustu heilsugæslunnar**

**Íbúaþing (2)**

**Halda íbúaþing aftur**

Fylgiskjöl:

Niðurstöður umræðuhópa á íbúaþingi.

Gulir miðar úrvinnsla frá íbúaþingi.

Seltjarnarnesi 18. maí 2015

Snorri Aðalsteinsson